



## Grundarfjarðarbær

### Gjaldskrá Leikskólans Sólvalla og Eldhamra 5 ára deildar

*Gildir frá 1. janúar 2018*

1. gr.

*Dvalargjald:*

Grunngjald fyrir hvert auka korter að dvalartíma loknum.	950 kr.
Grunngjald fyrir hverja dvalarstund .....	3.650 kr.

*Fæðisgjald:*

Morgunmatur .....	2.042 kr.
Hádegismatur .....	4.415 kr.
Síðdegishressing .....	2.042 kr.
Fullt fæði .....	8.499 kr.

2. gr.

*Afslættir af dvalargjaldi:*

Einstæðir foreldrar og námsmenn .....	40%
Systkinaafsláttur, 2. barn .....	50%
Systkinaafsláttur, 3. barn .....	100%

Afsláttur til námsmanna gildir ef báðir foreldrar eru skráðir í fullt nám og ljúka a.m.k. 75% af fullu námi. Afsláttur reiknast frá því að vottorð um skólavist er lagt fram. Ljúki ekki báðir foreldrar 75% af fullu námi, fellur afsláttur niður.

Systkinaafsláttur er á milli leikskóla og heilsdagsskóla. Hæsti afsláttur reiknast af lægsta dvalargjaldinu. Afsláttur reiknast eingöngu af heilu dvalargjaldi, ekki af kortersgjaldi, fæði eða öðrum gjöldum.

Dæmi um dvalargjald:

*Grunngjald:*

Klst.	1. barn	2. barn	3. barn
4	14.600	7.300	0
6	21.900	10.950	0
8	29.200	14.600	0

*Einstæðir foreldrar og námsmenn:*

Klst.	1. barn	2. barn	3. barn
4	8.760	4.380	0
6	13.140	6.570	0
8	17.520	8.760	0

Fæðisgjald bætist við dvalargjald og einnig kortersgjald.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 27. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og var samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðar 01.11.2017 og tekur gildi 1. janúar 2017. Frá sama tíma fellur niður gjaldskrá Leikskólans Sólvalla, sem gilt hefur frá 1. janúar 2016.

*Grundarfirði, 01.11.2017.*

Þorsteinn Steinsson, bæjarstjóri